2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

26. maí 2001 Nr. 50

LÖG

um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

26. maí 2001 Nr. 51

LÖG

um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til allt að fimm ára í senn, áfangastjóra til allt að fjögurra ára og aðra stjórnendur að höfðu samráði við skólanefnd.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara.